



KYNNINGARRIT FÉLAGS LÖGGILTRÁ ENDURSKOÐENDA

Framtíðin í endurskoðun

Ingunn Hafdís Hauksdóttir, endurskoðunarnemi hjá KPMG:

Frábærasta og skemmtilegasta starf í heimi!

Ég hef sennilega ekki verið nema níu ára gömul þegar ég ákvað að leggja fyrir mig endurskoðun. Öruglega hefur þar spilað inn í að pabbi er endurskoðandi," segir Ingunn Hafdís Hauksdóttir, endurskoðunarnemi hjá KPMG. Hún segist strax í grunnskóla hafa tekið alla þá litlu bókfærslu sem vól var á. Þaðan lá leiðin í Verslunarskólann og síðan í viðskiptafræðideildina við Háskóla Íslands. „Ég útskrifast af reikningshalds- og endurskoðunarsviði Háskóla Íslands nú í vor en hef þegar hafið störf hjá KPMG sem var drauma-fyrirtæki mitt," bætir hún við.

Ingunn segist í raun lítið hafa vitað um starfið er hún hóf störf hjá KPMG. Hún segist meira að segja minnst þess að hafa spurt vinnuveitendur sína hvort starfið væri skemmtilegt þegar hún fór þangað í viðtal í fyrri! „Ég hef ekki orðið fyrir vonbrigðum. Ég er í frábærasta og skemmtilegasta starfi í heimi og ég gæti ekki hugsað mér að gera neitt annað," bætir hún við.

Námið reyndist Ingunni ekki óþægur ljár í þúfu. Hún kenndi fimleika með náminu og nýtti þann tíma vel sem hún hafði aflögu til lestrar. „Ég var dugleg að sækja fyrirlestra og fékk þannig betri tilfinningu fyrir því hvað skipti máli þegar kom að prófum. Auðvitað voru stundum álagstímar í kringum prófin en er það ekki óumflýjanlegur fylgifiskur okkar allra einhvern tíma ársins?"

Ingunn er sátt við námið eins og það er í dag en þegar kemur að samkeppnishæfni þess við sambærileg störf, m.a. með tilliti til launa kemur annað hljóð í strokkinn. „Þess eru dæmi að fólk sem hefur störf hjá fjármálafyrirtækjum eftir þriggja ára háskólanám sé með tvöfalt hærri laun en þeir sem hefja vinnu hjá endurskoðunarfyrirtækjum eftir fjögurra ára nám. Þetta er slæmt og líklega ein af meginskýringum þess að endurnýjun stéttarinnar gengur hægt. Ungt fólk er óþolinmótt og telur sig ekki hafa tíma til þess að biða eftir þeim „súperlaunum" sem goðsögnin segir að biði þess eftir nokkur ár."



Einar Már Hjartarson, endurskoðunarnemi hjá Deloitte & Touche:

Stéttinni nauðsynlegt að kynna sig á nútímalegri og jákvæðari hátt

Einar Már Hjartarson er endurskoðunarnemi hjá Deloitte & Touche. Hann segir hug sinn hafa hneigst að endurskoðun strax í menntaskóla og þegar námi þar lauk innritaðist hann í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Hann segir menntunina opna leiðina fyrir fjölbætta starfsmöguleika. „Þetta er hagnýt menntun sem nýttist í hinum ýmsu geirum þjóðfélagsins," segir Einar Már.

Hann segist lítið sem ekkert hafa vitað um starfið er hann hóf námið en margt hafi komið honum skemmtilega á óvart. Einar segir námið byggjast jafnt og þétt upp frá fyrsta ári til þess síðasta og er ekki viss um að rétt sé að styttu það.

„Það er auðvitað eitt og eitt fag í skólanum sem maður sér ekki alltaf endilega tilgang í, ef til vill mætti fjölga valfögum í staðinn," segir hann og telur að endurskoðunarstéttinni sé nauðsynlegt að kynna sig með nútímalegri og jákvæðari hætti en til þessa. „Sterkasti þátturinn er þó alltaf sá að bjóða upp á sambærileg launakjör og þær greinar sem eru í hvað

mestri samkeppni við endurskoðunina," bætir Einar við.

Þegar talið berst í lokin að mynd endurskoðandans segist hann kannast við þá mynd sem dregin er upp af starfsmanninum sem aldrei er heima hjá sér – alltaf í vinnunni. „Ímyndin hefur þó smám saman verið að breytast, t.d. með tilkomu hlutabréfamarkaðar og þeirrar vottunar sem endurskoðandinn veitir á afkomumælingu fyrirtækja á honum. Staðreyndin er sú að ímyndin af starfi endurskoðandans er almennt röng í samfélaginu. Þetta er spennandi starf í tæknivæddu umhverfi sem tekur æ meira mið af því sem er að gerast úti í heimi," segir Einar Már.



Símon Á. Gunnarsson, formaður Félags löggiltra endurskoðenda:

Nú er lag fyrir breytta ímynd

Ínn á milli hárra skjalastafla á skrifborðinu sést í miðaldra mann í hvítri skyrtu. Hann er þunnhærður, þreytulegur og með gleraugu. Að baki glerjanna glittir í bauga sem rekja má til of mikils vinnuálags svo árum skiptir. Við hlið reiknivélarinnar er kaffi í bolla, löngu orðið kalt. Skýrslur, álit, greinargerðir og samantektir liggja eins og hráviði um allt gólf. Meðfram veggjum eru mannhæðarháir staflar af óflokkuðum skjölum. Það er sunnudagskvöld. Vinnuvikan er einfaldlega of stutt.

Er þetta hugsanlega sú ímynd sem endurskoðendur glima við enn í dag og veldur því að illa hefur gengið að fá nýtt fólk inn í stéttina? Símon Á. Gunnarsson er formaður Félags löggiltra endurskoðenda. Hann hefur velt fyrir sér stöðu endurskoðunar í síharðnandi samkeppni við aðrar greinar um ungt og efnilegt fólk. Hvernig sér hann stöðuna fyrir sér?

„Ég segi kannski ekki að sú ýkta mynd sem hér er dregin upp sé það sem við þurfum að fást við. Aftur á móti leikur enginn vafi á því að við þurfum að gerbreyta ímynd okkar. Ef við ekki tökum okkur tak og kynnum starf endurskoðanda 21. aldarinnar með réttum hætti verðum við einfaldlega undir í samkeppninni um fólk. Besta fólkið á að velja endurskoðunarstarfið umfram önnur störf en til

þess að svo verði þurfum við að breyta ímynd okkar. Ég tel að allar forsendur séu til þess,” segir Símon.

Hann segir ekki síður nauðsynlegt að laga nám endurskoðenda, sem er orðið gamaldags fjögurra ára nám, þegar aðrar samkeppnisgreinar bjóða upp á þriggja ára nám með



möguleika á meistaraáráðu í framhaldinu. Til viðbótar fjögurra ára setu á skólabeck þarf að starfa í þrjú ár hjá endurskoðunarfyrirtæki áður en hægt er að gangast undir löggildingarpróf. „Þessu verður að breyta ef við ætlum að verða samkeppnisfær við aðrar faggreinar,” segir Símon og heldur áfram:

„Miklar breytingar hafa orðið á hefðbundnum endurskoðunarfyrirtækjum á allra síðustu árum. Þau hafa breyst í alhliða þekkingarfyrirtæki, þar sem ráðgjöf er vaxandi þáttur. Stjórnendur þeirra eru orðnir sér meðvitaðri um nauðsyn virkrar fjölskyldustefnu sem tekur tillit til þarfa nútímafólks. Launamynstrið hefur jafnframt verið að breytast og samkeppnishæfni stéttarinnar að aukast. Nú er lag en við þurfum að spila rétt úr stöðunni,” segir Símon að lokum.

Endurskoðun byggist á fjölþættri þekkingu í tæknivæddum nútímafyrirtækjum

Sannkölluð bylting hefur orðið í öllu starfsumhverfi endurskoðenda hérlandis á síðustu 25 árum. Endurskoðunarfyrirtæki landsins bjóða í dag upp á nútímalegan tækjakost og húsakynni og allur aðbúnaður er orðinn til fyrirmyndar. Viða býðst starfsmönnum að reyna fyrir sér á erlendra grundu um lengri eða skemmri tíma, rík áhersla er lögð á endurmenntun og hóflegur vinnutími ryður sér æ meira til rúms.

Hætt er við að margir sem luku starfsferlinum á áttunda áratugnum tryðu vart eigin augum ef þeir sæju þá góðu vinnuástöðu sem nú er víðast hvar boðið upp á – að ekki sé talað um þann tækjakost sem nú er í boði. Stefán Frank-

lin endurskoðandi hjá E.B.E.Á - endurskoðun hlaut löggildingarréttindi árið 1978. Hann man tímana tvenna og rifjar upp gamla tíma með bros á vör.

„Þegar ég hóf störf var vinnuástaðan í raun ótrúleg. Gömul og lúin skrifborð og hjálpartæki nánast engin nema gamla ADDO-X samlagningarvél. Bestu vélarnar þá buðu upp á margföldunartakka sem var náttúrulega bylting,” segir Stefán og hlær.

„Reykjarmökkur grúfði yfir öllu og vindlareykingar voru nánast skylda. Hætt er við að það viðhorf mætti litlum skilningi í dag. Vinnan var fyrst og fremst handavinna, þ.e. penninn og blyanturinn voru þarfasti þjónninn.”

Tækninýjungarnar tóku að ryðja sér rúms um og upp úr 1980.

Þar má nefna bókhaldsvélar með spjöldum, ljósritunarvélar, nýjar gerðir samlagningarvéla, stórar bókhaldstölvur, faxtæki, þá PC-einmenningstölvur sem síðar urðu nettengdar, tengingar við gagna-banka og fullkomin símkerfi og nú síðast tengingu við Netið, svo það helsta í þessari þróun sé nefnt.

„Breytingin á starfsumhverfinu er ótrúleg á ekki lengri tíma. Tæknin birtist okkur í stökkum sem verða æ stærri og mikilfenglegri. Kröfur um þekkingu endurskoðenda hafa jafnframt aukist og þar hefur tæknin verið dýrmætur lífssstyrkur þegar nálgast þarf flóknar upplýsingar með skömmum fyrirvara. Í dag byggist endurskoðun á fjölþættri þekkingu í tæknivæddum nútímafyrirtækjum,” segir Stefán í lokin.

Framtíðin í endurskoðun

FLE - fréttir 23. árg. 1. tbl., maí 2000

Aukaútgáfa - Kyningarrit

Útgefandi: Félag löggiltra endurskoðenda
Ábyrgðarmaður: Anna Kristín Traustadóttir
Ritnefnd: Dýri Guðmundsson, Stefán D.
Franklín, Ágúst Jóhannesson
Umsjón og hönnun: PR [pje err]
Ljósmyndir: Bára
Prentun: Litróf

Starf erlendis á vegum íslenskra endurskoðunar- og ráðgjafarfirmakerja:



Ómetanleg fagleg reynsla

Með stóráuknum alþjóðlegum tengslum íslenskra endurskoðunar- og ráðgjafarfirmakerja hafa opnast nýir möguleikar fyrir starfsmenn þeirra til þess að vinna á erlendri grundu um lengri eða skemmri tíma. Þau Ágúst Heimir Ólafsson hjá Deloitte & Touche og Kristrún Ingólfsdóttir hjá Ernst & Young telja bæði að þetta sé afar mikilvægur valkostur fyrir starfsmenn sem hafa hug á að breyta til og afla sér reynslu annars staðar frá. Ágúst er nýkominn frá Svíþjóð, þar sem hann starfaði í eitt ár hjá Deloitte & Touche í Stokkhólmi.

„Ég starfaði í deild sem sér um þjónustu við alþjóðleg fyrirtæki eða svokallaða MNC's, Multi National Companies. Hluti af stefnu D&T er að veita starfsmönnum sínum möguleika á starfsnámi erlendis. Starfsnámið er mjög vel skipulagt af alþjóðafyrirtækinu og gengur undir nafninu Global Development Program. Tilgangurinn er að flytja þekkingu milli landa og veita starfsmönnum tækifæri á að kynnst störfum kollega sinna á erlendri grund,“ segir Ágúst.

Hann telur að slík stefna sé mjög mikilvæg og eigi eftir að sanna gildi sitt enn frekar í framtíðinni.

„Starfsmaðurinn aflar sér þekkingar og reynslu í starfi sem nýtist vel þegar heim kemur, sérstaklega þegar horft er til þess hversu laus við öll landamæri viðskiptaheimurinn er að verða. Starfsmaðurinn og fjölskylda hans kynnst einnig nýrri menningu, tungu og eignast vini erlendis. Báðir aðilar njóta því góðs af þessu kerfi,“ segir Ágúst.

Kristrún Ingólfsdóttir starfar hjá Ernst & Young í Kanada. Hún hóf nám hjá fyrirtækinu hér á landi samhliða viðskiptafræðinámi. Eftir að hún lauk prófi frá Háskóla Íslands vorið 1993 hefur hún verið í fullu starfi hjá Ernst & Young í Reykjavík. Hún hélt til Kanada í september sl. og tekur þátt í verkefni sem miðar að starfsmannaskiptum.

Kristrún er ekki ein á báti því auk hennar eru tíu starfsmenn frá Ernst & Young víðs vegar að úr heiminum við störf í Kanada undir sömu formerkjum. Dvöl Kristrúnar í Kanada verður 18 mánuðir. Hún er ánægð með tækifærið, ekki síst vegna þess að hún gengur að starfi sínu vísu hér heima er hún snýr aftur.

„Þetta hefur verið frábær tími frá því ég kom hingað út,“ segir Kristrún. „Bæði er gott að breyta um umhverfi og kynnst nýjum hlutum og svo hef ég aflað mér ómetanlegrar faglegrar reynslu á þessum tíma.

Hún á eftir að nýstast mér vel í starfi mínu á Íslandi í framtíðinni.“

Kristrún segir starfið í Kanada gefa sér tækifæri á að kynnst fjölbreyttari viðskiptaháttum en hér heima auk þess sem hún hafi kynnst ýmsu sem enn sé ekki algengt á Íslandi. „Það var vissulega mikil breyting fyrir mig að koma úr 20 manna fyrirtæki heima á 1200 manna vinnustað hér en kostirnir við svona stórt fyrirtæki

eru margvíslegir. Aðgangur að ýmsum upplýsingum og þekkingu er auðveldari þar sem hér eru starfræktar fleiri stöðdeildir. Fyrirtækin sem við vinnum fyrir eru einnig stærri. Þau eru betur undirbúin fyrir endurskoðun og hafa almennt betri skilning á starfi okkar. Gæðakröfur eru meiri hér og vinna endurskoðenda stöðugt undir smásjálni, m.a. vegna reynslu af málsóknum,“ segir Kristrún.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi:

Fáar starfsstéttir búa við jafnmikla fjölbreytni

Eitt af því sem talið er að hafi dregið úr áhuga ungs fólks til að verða endurskoðendur er að það sér ekki möguleika á framgangi til ábyrgðar- og stjórnunarstarfa í greininni í samanburði við önnur starfssvið. Þessi sjónarmið eru að mörgu leyti rétt en þar kemur til eðli viðfangsefnisins,“ segir Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi þegar hann er inntur eftir samkeppnisstöðu stofnunar hans þegar kemur að því að keppa við einkarekin fyrirtæki um unga endurskoðendur. Hann heldur áfram:

„Á móti kemur að fáar starfsstéttir búa við jafnmikla fjölbreytni í störfum og endurskoðendur. Almennit verður ekki séð að launakjör og starfsaðstaða þeirra sem leggja endurskoðun fyrir sig, hvort heldur er hjá endurskoðunarskrifstofum á almennum markaði eða hjá hinu opinbera, sé verri en gerist meðal háskólamenntaðs fólks.“

Sigurður er ósammála því að rétt sé að gefa fleiri skólum en Háskóla Íslands kost á að bjóða upp á endurskoðunarnám ef það mætti verða til þess að fleiri lykju löggildingarprófum.


„Í ljósi þess hversu fáir þeirra sem þreyta löggildingarpróf ljúka námi í endurskoðun tel ég ekki rétt að dreifa kennslunni. Það er skoðun mín að nám í endurskoðun

eigi ekki að snúast um samkeppni við aðrar námsbrautir á háskólastigi. Fyrst og fremst á það að miða að því að efla þekkingu þeirra sem útskrifast sem endurskoðendur. Á þann hátt bregst stéttin best við síauknum kröfum sem fyrirtæki, almenningur og hið opinbera gera til hennar.“

Inntur eftir því hvort starf endurskoðenda hjá Ríkisendurskoðun sé í einhverjum meginatriðum frábrugðið því sem er hjá endurskoðunarfirmakerjunum á almennum markaði segir hann endurskoðun og reikningsskilastaðla, sem unnið er eftir á hinum almenna markaði, ekki frábrugðna þeim sem gilda hjá hinu opinbera.



„Hins vegar er ljóst að starfsumhverfi opinberrar þjónustu og þ.m.t. áherslur í endurskoðun hjá hinu opinbera eru nokkuð aðrar en á almennum markaði. Þar má nefna að löggöð hefur verið meiri áhersla á vinnu við endurskoðun og upplýsingaþáttinn, ásamt því að kanna skilvirka ráðstöfun á skattfé,“ segir Sigurður.



Endur- skoðun líkam- legt erfiði!


Sá ágæti endurskoðandi Sigurður Stefánsson rifjaði það einhverju sinni upp að vinna við handsúnar reiknivélar hefði á stundum verið heilmikið líkamlegt erfiði. Fyrsta verkefni hans var endurskoðun á bókhaldi ÁTVR. „Ég varð að byrja á því að leggja saman allar nóturnar og sannreyna sölutölurnar... Gormurinn í vélunum var svo þungur að eftir daginn var maður gjörsamlega búinn í handleggjunum.“

Strimillinn notaður allt að fjórum sinnum!

Svo mikill var pappírsskorturinn í landinu á árunum eftir seinni heimsstyrjöldina að strimlarnir í reiknivélunum á skrifstofum endurskoðenda voru gernýttir. Ekki aðeins var prentað á þá að framan, heldur einnig að aftan. Sumum þótti það ekki nóg og náðu að gernýta pappírinn svo rækilega, að hægt var að nota hann tvisvar á hvorri hlið!

Nýtt félagsmerki

Merki Félags löggiltra endurskoðenda var kynnt árið 1980. Það hefur verið óbreytt frá upphafi. Unnið er að hönnun nýs merkis fyrir félagið um þessar mundir.



Grái markaðurinn á heima í Kauphöll Landsbréfa

Þær eru margar, vistarverurnar í Kauphöll Landsbréfa. Þúsundir íslenskra fjárfesta sinna þar viðskiptum sínum allan ársins hring enda hafa þeir greiðan aðgang að innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum á einum og sama staðnum.

En fjárfestingarkosti má finna víðar en í skráðum hlutafélögum.

Óskráð hlutafélög, á hinum svokallaða gráa markaði, höfða líka til íslenskra fjárfesta ef marka má miklar hreyfingar á þeim markaði síðastliðið ár.

Þess vegna á grái markaðurinn heima í Kauphöll Landsbréfa. Þar finnur þú nýjustu upplýsingar um kaup- og sölugengi fjölda óskráðra félaga.

Það er engin ástæða til að hafa hljótt um það.



Guðjón Jóhannesson, forstöðumaður endurskoðunar Búnaðarbanka Íslands:

Stytta má námið úr sjö árum í fjögur án þess að slaka á kröfum

Áður en ég innritaðist í viðskiptafræði hjá Háskóla Íslands kannaði ég rækilega

hvaða starfsmöguleikar biðu viðskiptafræðinga. Tvennt heillaði mig mest, störf löggiltra endurskoðenda og stjórnun fyrirtækja. Á lokaári mínu í viðskiptafræðinni bauðst mér tækifæri til að starfa hjá KPMG, þar sem ég vann í þrjú ár. Sá tími varð ekki síður dýrmætur en námsárin í háskólanum," segir Guðjón Jóhannesson, forstöðumaður endurskoðunar hjá Búnaðarbanka Íslands. En af hverju endurskoðun?

„Ég valdi þessa braut vegna þess að ég taldi að með þeim hætti myndi ég kynnast íslensku atvinnulífi og rekstri fyrirtækja hvað best. Ég taldi að með þá innsýn sem námið veitti mér ætti ég möguleika á skemmtilegu, fjölbreyttu og vel launuðu starfi í framtíðinni. Fyrir-

fram vissi ég lítið um starfið en vonaðist til að læra mikið og varð ekki fyrir vonbrigðum.“

Guðjón segir viðskiptafræðinámíð hafa verið sér þægilegt, a.m.k. borið saman við eðlisfræðideildina þar sem hann stundaði nám í hálfu ári. „Ég var nánast í fullu starfi með náminu síðari tvö árin. Erfiðasti hlutinn á leiðinni til löggildingar var að halda einbeitingu við margra vikna langan upplestur og upprifjun á fræðilegu efni frá því ég sat á skólabeck.“

– Ertu þeirrar skoðunar að gerlegt sé að stytta námið?

„Viðskiptafræðinámíð mætti stytta úr fjórum árum í þrjú án þess að það bitni á reikningshaldi og fjármálum. Svo er það álit mitt að löggildingarprófin mætti taka strax eftir eins árs vinnu á endurskoðunarskrifstofu. Stæðist fólk prófin fengi það löggildingarskírteinin afhent

eftir tveggja ára starf til viðbótar. Þannig mætti stytta ferlið úr sjö árum í fjögur án þess að slaka á kröfum," segir Guðjón. Hann segir einnig að með þessu móti megi vinna tvennt. Í fyrsta lagi kemst fólk fyrr á laun löggiltra endurskoðenda. Í öðru lagi gefst því kostur á að skipta um farveg þremur árum fyrr náð það ekki prófunum eða líki ekki við starfið. „Þessi stytting myndi laða fleiri að náminu," bætir Guðjón við.

Talið berst í lokin að ímynd endurskoðenda meðal almennings. „Staðreyndin er sú að ímynd endurskoðandans hefur aldrei endurspeglad raunveruleikann. Síðustu árin hefur starfið þróast í takt við aukin umsvif í íslensku atvinnulífi með vaxandi sérhæfingu og viðtækari og betri ráðgjöf stóru endurskoðunarskrifstofanna en við höfum áður séð.“

Líf mitt sem endur

Rætt við fjóra endurskoðendur sem fengu löggildingu á árinu

Margrét Nikulásdóttir, endurskoðandi hjá KPMG:

Hrein tilviljun að endurskoðun varð fyrir valinu

Hrein og klár tilviljun réði því að ég ákvað að reyna mig við endurskoðunina eftir úrskrift frá Háskóla Íslands," segir Margrét Nikulásdóttir, sem starfar hjá KPMG og fékk nýverið löggildingu. „Ástæðan fyrir valinu var fyrst og fremst sú að endurskoðendum standa fjölbreytt störf og starfssvið til boða og þeir hafa verið eftirsóttir til ábyrgðarstarfa innan fyrirtækja.“

Þegar talið berst að sjálfu náminu segir Margrét undirbúninginn fyrir sjálf löggildingarprófin einkum vera erfiðan. Hann sé að mestu byggður upp á sjálfstæðri

vinnu og lestri. „Þó hafa stóru stofurnar verið að vakna til lífsins og bjóða nú flestar upp á skipulagðan undirbúning fyrir þá sem fara í löggildingarprófin," bætir hún við.

Margrét telur æskilegt að stytta námið, m.a. með hliðsjón af því að mun fleiri velji nú að taka BS-gráðu í Háskóla Íslands í stað fjögurra ára námsins. „Stytting á nám-

inu einu og sér dugir þó varla til að bæta samkeppnisstöðuna út frá launamöguleikum. Fækkandi nemendafjölda í endurskoðun má e.t.v. rekja til þess að margir setja það

fyrir sig að starfa á endurskoðunarstofu í a.m.k. þrjú ár á lægri launum en bjóðast annars staðar, t.d. í fjármálagæiranum," segir hún ennfremur. Hún bætir við að athuga mætti hvort ekki væri hægt að taka löggildingarprófin fyrr og jafnvel skipta þeim niður á þau ár sem nemar eru í starfsþjálfun.



Ágúst Heimir Ólafsson hjá Deloitte & Touche:

Fjölbreytnina hefur ekki skort

Þegar ég skráði mig í viðskiptadeildina vöktu þrjú svið einkum áhuga minn, markaðsfræðisviðið, fjármálasviðið og endurskoðunarsviðið. Markaðsfræðin heillaði mig vegna þess að hún er mjög lífandi grein þar sem mikið er unnið með fólki við að koma vörum og þjónustu á framfæri. Á fjármála- og endurskoðunarsviði er hins vegar boðið upp á hagnýtasta námsefnið. Ég tel að þegar komið er út á atvinnumarkaðinn sé mun auðveldara, ef með þarf, að afla sér viðbótarþekkingar í markaðsmálum eða fjármálum heldur en í reikningshaldi og endurskoðun," segir Ágúst H.

Ólafsson hjá Deloitte & Touche.

Ágúst segist fyrirfram ekki hafa vitað mikið um starfið en hafði gert sér ákveðnar hugmyndir um

það út frá reynslu bróður síns, sem einnig er endurskoðandi. „Á þeim sex árum sem ég hef unnið hjá fyrirtækinu hef ég starfað á fjórum stöðum hér-



lendis og einum erlendis. Það hefur því hvorki vantað fjölbreytni í verkefni sem ég hef unnið að né heldur vinnustaðina."

Þegar talið berst að náminu segir Ágúst Heimir síðasta árið, endurskoðunarsviðið, það langerfiðasta. „En nám á að vera krefjandi. Ef svo er ekki er það ekki spenn-

andi og ekkert annað en tímasóun," segir hann en telur engu að síður að auka mætti sérhæfingu þess og stytta um leið námstímann.

– Hver er skoðun þín á ríkjandi ímynd endurskoðandans?

„Það er alveg ljóst að ímynd endurskoðandans er frekar þurr og grámygluleg. Menn sjá fyrir sér þennan dæmigerða, hlédræga ameríska bókara með skakkt bindi, háríð sléttgreitt út á hlið og að sjálf-sögðu draugleiðinlegan. Kvikmyndaframleiðendur í Hollywood eiga í raun þann vafasama heiður að hafa mótað þessa ímynd. Hún er ekki einasta kolröng, heldur hefur hún verið óbreytt síðustu ár þrátt fyrir gríðarlega þróun sem orðið hefur í starfinu með upplýsingatæknibyltingunni sem átt hefur sér stað."

Endurskoðandi

Gunnlaugur Kristinsson hjá PricewaterhouseCoopers:

Störf endurskoðenda mikilvægari en nokkru sinni

Gunnlaugur Kristinsson hjá PricewaterhouseCoopers hafði lokið námi við Samvinnuskólann á Bifröst er hann gerðist bókarari hjá litlu fyrirtæki austur á Héraði. Hann fann sig vel í því og þegar kom að ákvörðun um framhaldsnám var viðskiptafræðin sjálfsgáður kostur. „Af þeim sviðum sem þar voru í boði fannst mér reikningshalds- og endurskoðunarsviðið vera áhugaverðast og hag-

nýtast auk þess sem þau fög sem þar voru kennd áttu best við mig," segir Gunnlaugur.

Á síðasta ári hans í viðskiptafræðinni hóf hann störf hjá Skeljungi hf. og vann þar í eitt ár eftir námið. „Í sjálfu sér var það mjög áhugavert enda fékk ég nokkuð frjalsar hendur til að móta starf mitt þar. Mér fannst samt að ég væri að fjarlægjast það sem ég hafði lært og mér þótti það ekki þægileg tilfinning. Það var þá sem

ég ákvað að velja endurskoðun."

Gunnlaugur er þeirrar skoðunar að námið hafi verið nokkuð strembið, ekki sist lokaárið. „Góður endurskoðandi þarf enda að þekkja vel inn á flest svið viðskiptanna. Hann er í dag orðinn ráðgefandi á svo mörgum sviðum öðrum en þeim er lúta beint að endurskoðunar- og uppgjörsvinnunni."

Þegar imprað er á möguleikanum að stytta námið segist Gunnlaugur eiga erfitt með að sjá það



fyrir sér. „Ég myndi frekar segja að lengja þyrfti námið því bæði skattalegt og viðskiptalegt umhverfi okkar er að verða flóknara auk

þess sem alþjóðavæðingin leiðir af sér auknar kröfur. Samhliða lengingu námsins ætti að gefa fólki tækifæri á að taka löggildinguna strax að námi loknu, treysti það sér til þess."

– En hefur starfið komið honum á óvart?

„Já, að mörgu leyti. Ekki sist hversu fjölbreytt starf endurskoðandans getur verið. Min fyrstu kynni af starfinu eftir löggildinguna eru þau að ég hef tekist á við mun meira krefjandi og áhugaverðari verkefni en áður. Ég tel að störf endurskoðenda í dag séu mikilvægari en nokkru sinni vegna þess að í hinu flókna og hraða viðskiptaumhverfi sem við búum í hefur þörfin aldrei verið meiri fyrir menn sem geta gefið óháð og hlutlaust mat."

Endurskoðunarstofan Þema

Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík - Sími: 520 7000

Þrep hf.

Endurskoðun, bókhald og ráðgjöf

Skipholti 50b, 105 Reykjavík - Sími: 575 0800

Endurskoðunarskrifstofa Ingólfs Flygenring

Fagrahvammi 10, 220 Hafnarfirði - Sími: 555 2121

Löggiltir endurskoðendur Vestfjörðum hf.

Aðalstræti 24, 400 Ísafirði - Sími: 456 4066

Endurskoðendur ehf.

Þórsgötu 26, 101 Reykjavík - Sími: 561 8989

Uppgjör ehf.

Deildarási 20, 110 Reykjavík - Sími: 567 2575

Endurskoðun og reikningshald

Bíldshöfða 12, 112 Reykjavík - Sími: 587 9550

Endurskoðendapjónustan

Skipholti 50b, 105 Reykjavík - Sími: 561 0199

Endurskoðunarskrifstofa Jóns H. Runólfssonar

Borgartúni 22, 105 Reykjavík - Sími: 552 1395

Moore Stephens endurskoðun ehf.

Ármúla 6, 108 Reykjavík - Sími: 595 2500

Endurskoðun Norðurlands hf.

Ráðhústorgi 3, 600 Akureyri - Sími: 462 3811

Endurskoðun og reikningsskil

Fjarðargötu 11, 220 Hafnarfirði - Sími: 555 1523

Deloitte & Touche hf.

Stórhöfða 23, 112 Reykjavík - Sími: 580 3000

PricewaterhouseCoopers

Höfðabakka 9, 112 Reykjavík - Sími: 550 5300

Endurskoðun Hafnarfjarðar

Bæjarhrauni 8, 220 Hafnarfirði - Sími: 565 1144

Endurskoðunarskrifstofa Björns Björnssonar

Hamraborg 1, 200 Kópavogi - Sími: 554 6411

Þorsteinn Haraldsson, endurskoðandi hjá Moore Stephens:

Endurskoðendur eru um margt líkir læknum



Það er áreiðanlega gott og gaman að vera læknir, hugsaði ég um daginn, þegar ég sá myndir í sjónvarpi frá því að tekin var fyrsta sköflustungan að nýjum barnspítala. Í norðangarra stöð þrúðbúinn ráðherrann með sköflu og fullt af þrúðbúnu fólki öðru, en auk þess fáeinir læknar.

Ég veit það voru læknar vegna þess að þeir voru ekki þrúðbúinir á sama hátt og aðrir viðstaddir, þeir voru nefnilega í hvítum sloppum og með hlustunarpípu um hálsinn. Mér flaug í hug að lækarnir hefðu mætt þarna í einkennisklæðum sínum vegna þess að þeim liður svo dæmalaust vel með að

aðrir sjái hvaða starfi þeir gegna. Þannig liður mér líka með mitt starf. En endurskoðendur ganga ekki um í hvítum sloppum og

þeir búa auk þess við að fjöldi fólks veit annaðhvort ekki hvaða hlutverki þeir gegna eða hefur rangar hugmyndir um það. Endurskoðendur eru um margt líkir læknum. Í stað þess að sýsla með mannlíkama sýsla þeir með fyrirtæki og fjármál fyrirtækja, stofnana og einstaklinga.

Heilbrigðisvottorð fyrirtækja

- Líkt og læknar gefa út heilbrigðisvottorð fyrir fólk að lokinni læknisskoðun, þá gefa endurskoðendur út vottorð um heilbrigði fyrirtækja að lokinni itarlegri skoðun.
- Líkt og læknar leggja á ráðin um meðferð við meinsemdum manna, þá leggja endurskoðendur á ráðin um meðferð við meinsemdum í rekstri fyrirtækja.
- Líkt og læknar sérhæfa sig í ákveðnum greinum læknisfræðinnar, þá sérhæfa endurskoðendur sig í vaxandi mæli á sínu þekkingarsviði.

Sumir endurskoðendur eyða mestum tíma í bönkum og fjármálafyrirtækjum og vita allt um rekstur þeirra, veikleika og styrkleika, meðan aðrir endurskoðendur eru ef til vill í flutningafyrirtækjum og enn aðrir í verslunarfyrirtækjum. Endurskoðunarfyrirtækin sjálf eru svo öðum að taka á sig mynd hátækni-sjúkrahúsa, þar sem saman starfar

fjöldi sérfræðinga á ólíkum sviðum. Líkt og hlutverk læknis – eða lækna-hóps – er að sjá til þess að mannlíkaminn, sem er ein heild, starfi með samvirkum, heilbrigðum og eðlilegum hætti, þá er það hlutverk endurskoðanda – eða hóps endurskoðanda eins og títt er orðið í stærri endurskoðunarfyrirtækjum – að sjá til þess að fyrirtæki, sem er ein heild, starfi líkt og heilbrigður mannlíkami.

Rétt eins og mamma og pabbi fara með barnið sitt til læknis til eftirlits og lækninga, þá fara eigendur fyrirtækis (hluthafar) með það til endurskoðanda til eftirlits (og lækninga ef með þarf). Sjálfur hef ég verið í starfi í aldarfjórðung og er um margt líkastur gamaldags heimilislækni sem hittir margt fólk og fæst við margs konar kvilla. Oftar en ekki nýt ég gleðinnar af því að koma öðrum að gagni og uppskera þakk-lætið sem fylgir.

Vantar bara hvítan slopp

Í stuttu máli sagt þá er starfið mitt alveg frábært. Það er vel launað fyrir þá sem kunna á að halda og veitir hverjum og einum möguleika á því að beina sér inn á þær brautir sem best henta persónu og áhugamálum. Þeir sem hafa gaman af að hitta fólk vinna gjarnan fyrir mörg smærri fyrirtæki og einstaklinga og fara víða. Þeir sem vilja vera í friði geta sókkt sér í talningar og skjalaflettingar. Þeir sem vilja takast á við krefjandi verkefni í iðu viðskiptalífsins marka sér gjarna bás við ráðgjöf, fást jafnvel við það að búa til tvö fyrirtæki úr einu eða eitt fyrirtæki úr tveimur. Í því efni erum við endurskoðendur komnir fram úr læknum. Það eina sem mig vantar er hvítur sloppur.

Fjölbreytt flóra endurskoðunar-fyrirtækja

koma fjölmörg minni, allt niður í eins manns fyrirtæki. Endurskoðendur á Íslandi eru um 250 talsins en hluti þeirra vinnur við önnur störf, þar sem menntun þeirra hefur komið að góðum notum.

Starfssvið endurskoðunarfyrirtækja hefur breyst stórlega á síðustu árum. Þau sinna í vaxandi mæli hvers kyns ráðgjöf samhliða hefðbundnum störfum endurskoðanda. Fjölbreytni hefur því aukist verulega, samfara ört vaxandi sérhæfingu.

Eins og á öðrum sviðum þjóðlífsins hefur orðið nokkur samþjöppun fyrirtækja með sameiningu eða samruna, auk þess sem mörg þeirra eiga nú í samstarfi við erlend systurfyrirtæki og bera jafnvel nöfn þeirra.

Í dag eru þrjú endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtæki áberandi stærst, með 100-200 starfsmenn. Þrjú þau næstu í röðinni eru með 15-30 starfsmenn og á hæla þeim



Í fyrsta sæti hjá launagreiðendum

H-Laun, launakerfi Tölvumiðlunar, er mest notaða launakerfi á Íslandi í dag.

Yfir 100.000 launþegar fá greidd laun hjá um 1200 launagreiðendum í gegnum H-Laun.



- öflug samstæða

TÖLVUMIÐLUN

- leiðandi þekkingarfyrirtæki

Tölvumiðlun • Grensásvegi 8 • Sími 545 5000 • www.tm.is • tm@tm.is



Eftirsóttir í atvinnulífinu

Endurskoðendur hafa á síðustu árum verið eftirsóttir til stjórnunar- og ábyrgðarstarfa í atvinnulífinu. Reynsla þeirra úr námi og starfi er gott veganesti í ólgusjó viðskiptalífsins, þar sem miklu skiptir að eiga gott með að greina kjarnann frá hisminu. Við fengum þrjá kunna menn úr viðskiptalífinu, sem allir störfuðu áður sem endurskoðendur, til þess að lýsa því hvernig reynsla þeirra af þeim vettvangi hefur komið þeim að notum í núverandi starfi.

Tryggvi Jónsson, framkvæmdastjóri Baugs:

„Reynsla mín sem endurskoðandi hefur nýst mér ákaflega vel í núverandi starfi. Ekki aðeins hefur hún komið að góðu gagni við tæknilega útfærslu á sameiningu Hagkaups, Bónuss og fleiri félaga heldur einnig við mat á þátttöku í fjárfestingum hér heima og erlendis. Reynsla mín úr fyrra starfi hefur

einnig komið að góðu gagni við sjóðstjórnun fyrirtækjanna en frá síðustu áramótum hefur allt fjármagn verið samnýtt, þannig að einn hluti samsteypunnar sé ekki að greiða yfirdráttarvexti ef annar hluti þess á innstæðu á móti.“

Helgi Magnússon, framkvæmdastjóri Hörpu:

„Ég er ekki í vafa um að menntun og starfsreynsla löggiltra endurskoðenda kemur að miklum notum fyrir þá sem hverfa úr hefðbundnum störfum endurskoðenda yfir í stjórnunar- og ábyrgðarstörf í viðskiptalífinu. Þetta er í það minnsta mín reynsla og mér virðist að þetta sé skoðun flestra sem hafa fært sig úr endurskoðun yfir í viðskiptalífið. Þeir eru allmargir hér á landi, m.a. hjá nokkrum af stærri fyrirtækjum landsins.“

Friðrik Jóhannsson, framkvæmdastjóri Burðaráss:

„Í mínum huga er enginn vafi á því að reynsla og menntun mín sem endurskoðandi hefur nýst mér vel í mínum störfum á fjármála- og tryggingamarkaði og við fjárfestingar. Störf endurskoðenda eru yfirgripsmikil og spanna ólíka þætti. Endurskoðendur kynnast fyrirtækjum og fyrirtækjarekstri í raun mjög náið og með mjög sérstökum hætti í gegnum vinnu sína og eflaust á þetta allt saman sinn þátt í því að þeir eru eftirsóttir til annarra starfa í atvinnulífinu.“



Agnar Hansson, deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík:

Metnaðarfullt nám

Ég tel að endurskoðunarfyrtækni séu orðin meðvituð um mikilvægi fjölbreytileika og það lýsi sér m.a. í þeim breytingum sem orðið hafa á þessum fyrirtækjum á undanföllum mánuðum og árum. Í stað bókhaldspáttarins, sem áður var allsráðandi, er aukin áhersla lögð á heildarlausnir og ráðgjöf," segir Agnar Hansson, deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík.

Agnar telur að fjölbreytileikinn sé einmitt ein meginástæða þess hversu mjög ungt fólk sækist eftir störfum hjá fjármálafyrirtækjum og viðskiptastofum. Hann segir það útbreiddan misskilning að þar sé einvörðungu að finna viðskiptafræðinga í bláum skyrtum. „Þarna er í auknum mæli að finna fólk úr öðrum fræðigreinum eins og verkfræðinga, stærðfræðinga, tölvunarfræðinga, stjórnmálafræðinga, sálfræðinga og fleiri.“ Og hann heldur áfram:

„Ég tel að forsendan fyrir virkri tilvist endurskoðunarfyrtækja

og þar með getu þeirra til að standa í samkeppni um starfsfólk felist í fjölbreytni. Ég tel að það sama þurfi að gilda um nám endurskoðenda. Með þessum orðum er ég þó ekki að draga úr vægi þess að endurskoðendur gangi í gegnum langt og

strangt nám, síður en svo. Ég tel æskilegt að krafist sé meistaraþrófs í viðskiptafræði af endurskoðunarsviði auk starfsreynslu áður en menn geta gengið til löggildingarþrófs. Það kemur mér hins vegar spáskt fyrir sjónir að prófið sé bundið við einstaka skóla, hvort heldur þeir eru innlendir eða erlendir, enda verður tilgangur starfsreynsluþáttarins og löggildingarþrófsins sjálfs torskilinn undir slíkum skilmálum.“

Mikil áhersla er lögð á raunhæf verkefni, tengsl við atvinnulífið, almenn samskipti og samvinnu við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, sem hefur nú verið starfrækt í tvö ár. Að sögn Agnars er reynt er að temja nemendum vísindalega hugsun og sjálfstæði í vinnubrögðum. „Nemendur sem útskrifast frá viðskiptadeild HR eiga að hafa gengið í gegnum metnaðarfullt nám og vera eftirsóttir til vinnu,“ segir hann að lokum.

Ásmundur Þórðarson aðjúnkt, um Samvinnuháskólann á Bifröst:

Traustur, alhliða grunnur í fræðigreinum viðskiptanna

Samvinnuháskólinn á Bifröst leggur mikla áherslu á alþjóðlegt yfirbragð og alþjóðlegt viðhorf nemenda. Þetta er m.a. gert með nemenda- og kennarskiptum við erlenda háskóla. Auk þess kemur hópur erlendra nemenda til okkar á Bifröst á hverju ári og því fer hluti námsins fram á ensku síðasta árið," segir Ásmundur Þórðarson, aðjúnkt.

Samvinnuháskólinn á Bifröst er ungur háskóli, stofnaður árið 1988, en byggður á grunni Samvinnuskólans sem var stofnaður 1918. Á þeim skamma tíma sem skólinn hefur starfað á háskólastigi hefur hann vakið verðskuldaða athygli fyrir árangur sinn. Ásmundur segir skólann hafa að meginmarkmiði að efla íslenskt atvinnulíf. „Betri menntun eykur hæfni þess og arðsemi,“ segir hann.

Auk áherslu á alþjóðleg tengsl leggur skólinn mikið upp úr

hagnýtri menntun í rekstri og viðskiptum með virkri aðild og framlagi nemenda í stöðugri verkefna- og hópvinnu samhliða stöðugu námsmati. Samvinnuháskólinn hefur skapað sér sérstöðu með nýjum aðferðum í upplýsingatækni og tölvumálum, sem m.a. byggist á því að allir nemendur og kennarar nota fartölvur sem tengdar eru um þráðlaust net.

Nemendurnir njóta heildarlausnar í háskólaþorpi, sem sérstaklega er byggt upp með þarfir þeirra í huga. Skólinn veitir traustan, alhliða grunn í fræðigreinum viðskiptanna og er því góður valkostur fyrir þá sem hafa hug á að leggja út í nám í viðskipta- og rekstrarfræði," segir Ásmundur.

Protlaus þekkingarleit



Protlaus þekkingarleit og árvegni fyrir tækifærum á innlendum sem erlendum hlutabréfamarkaði

er leiðin að árangursríkum fjárfestingum. Eignamsýsla MP Verðbréfa er því góður kostur fyrir þá sem eiga varasjóð en hafa ekki tíma, áhuga eða aðstöðu til að velja bestu fjárfestingarleiðirnar. Lágmarksfjárhæð er fjórar milljónir króna.



VERÐBRÉF

Garðastræti 38, Sími 540 3200, www.mp.is

Stefán Svavarsson, dósent og löggiltur endurskoðandi skrifar:

Meginmáli skiptir að **nám** endurskoðenda standist fyllilega samanburð við nám erlendis

Böklegt nám til löggildingar í endurskoðun fer fram á sérstöku kjörsviði innan Viðskipta- og hagfræðideildar HÍ. Sú skipan hefur gilt frá 1976 þegar ný lög um endurskoðendur voru sett. Kjörsviðið hefur verið vinsælt hjá nemendum og hefur frá stofnun verið fjölmennast þeirra fimm kjörsviða sem í boði eru. Flestir voru nemendurnir um 50, en á síðastliðnum vetri voru þeir 25 og 35 hafa skráð sig á kjörsviðið fyrir næsta skólaár.

Nám á þessu kjörsviði hefur einkum miðað að því að sinna þörfum nemenda sem hyggjast starfa sem endurskoðendur en einnig sem forstöðumenn bókhalds- og upplýsingakerfa fyrirtækja. Reyndin er þó sú að fyrrum nemendur af endurskoðunar-kjörsviðinu sinna margvíslegum störfum í atvinnulífinu, eru t.d. fjármálastjórar, forstjórar, aðalbókarar, rekstrarráðgjafar og að sjálfsgöðu endurskoðendur, svo að algengustu starfsheitin séu tilgreind.

Til þess að fá að þreya próf til löggildingar í endurskoðun þurfa nemendur að ljúka cand. oecon. námi samkvæmt ákvæðum laga, en það tekur að lágmarki fjögur ár. Viðskipta- og hagfræðideild HÍ hefur á síðustu árum boðið upp á þriggja ára nám sem veitir B.Sc. gráðu. Þetta nám hefur mælst vel fyrir enda styttr það leiðina í atvinnulífið um eitt ár. En hugmynd deildarinnar var ekki bara sú, heldur einnig að bjóða upp á framhaldsnám í viðskiptafræðum. Á síðastliðnum vetri voru nemendur í námi til M.Sc. gráðu í stjórnun og stefnumótun og fjármálum og þessu námi er unnt að ljúka frá HÍ, en auk þess eru í boði M.Sc. gráða

í markaðsfræðum og alþjóðaviðskiptum en það nám verður að hluta til að stunda erlendis.

Þessi breyting á námsframboði í viðskiptadeildinni hefur m.a. leitt til þess að nám á endurskoðunar-kjörsviði er í endurskoðun. Hugmyndin er sú að skylda verði að prófmenn til löggildingar í endurskoðun hafi lokið M.Sc. gráðu í reikningshaldi og endurskoðun, sem væri tveggja ára nám að loknu B.Sc. prófi frá HÍ eða öðrum innlendum háskólum eða frá erlendum skólum. Samhliða þessum breytingum má búast við að lög-

gildingarprófin verði færð nær próflokum í bóklegu námi, en eftir sem áður verði nemendur að hljóta lágmarksstarfsþjálfun til þess að fá að starfa sjálfstætt sem endurskoðendur. Gangi allt að óskum má búast við að þessi skipan mála verði orðin að veruleika frá og með haustinu 2001.

Þessar auknu menntunarkröfur eru til samræmis við þær breytingar sem hafa verið gerðar á síðustu árum erlendis, en auðvitað skiptir meginmáli fyrir endurskoðendur að nám þeirra hér á landi standist fyllilega samanburð við nám erlendis.



65 ára afmæli

Félag löggiltra endurskoðenda fagnar 65 ára afmæli sínu þann 16. júlí á þessu ári. Félagið var stofnað þennan dag árið 1935 á skrifstofu N. Manscher. Sjö endurskoðendur sátu fundinn og umboð lá fyrir frá þeim áttunda.

Frumkvöðlarnir

Niels Manscher og Björn E. Árnason keyptu árið 1924 útíbú Centralanstalten for Revision og Drifts, sem „numið hafði land“ á Íslandi árið 1919. Fyrirtæki þeirra varð fyrsta sjálfstæða endurskoðunarskrifstofan hér á landi.

Á skólabeck

Námskeið í bóklegum fræðum fyrir væntanlega endurskoðendur hófust við Háskóla Íslands árið 1947 en þremur árum áður hafði verið leitað eftir því við háskólann að hugað yrði að þessum þætti.

Fyrsta blaðið

Tímarit Félags löggiltra endurskoðenda kom út í fyrsta sinn árið 1970. Blaðið hefur komið út nokkuð reglulega síðan.

Fyrsta konan

Allt fram til ársins 1975 voru einvörðungu karlmenn hér á landi með löggild endurskoðunarréttindi. Guðriður Kristófersdóttir varð fyrst íslenskra kvenna til þess að öðlast réttindi til endurskoðunarstarfa. Tvær konur til viðbótar fengu löggildinguna árið eftir og allt frá þeim tíma hefur konum í stéttinni fjölgað jafnt og þétt.

KPMG

– Skýrar línur